

Í vor hélt Kristian Guttesen, kennari við Menntaskólann á Egilsstöðum, vinnustofu um virðingu á netinu á vegum MenntaMiðju.

Kristian sótti ráðstefnu um efnið á vegum Pestalozzi áætlunar Evrópuráðsins í nóvember sl. Pestalozzi ráðstefnur eru ætlaðar að stuðla að starfsþróun skólafólks með því að bjóða útvöldum kennurum og öðru skólafólki tækifæri til að kynnast því nýjasta sem er að gerast á tilteknum sviðum sem tengjast námi og kennslu.

Í vinnustofunni var fjallað um:

- siðferði á netinu
- ímynd kvenna í auglýsingum, kvikmyndum og fjölmiðlum

Vinnustofan er ætluð kennurum á unglingastigi grunnskóla og framhaldsskólastigi og öðru áhugafólki um notkun upplýsingatækni í námi og kennslu.

Hægt er að hafa samband við Kristian í tölvupósti: [krig12@hi.is](mailto:krig12@hi.is)

Glærur og upptökur frá vinnustofunni birtum við hér fyrir neðan. Einnig má nálgast glærurnar á Slideshare síðu MenntaMiðju og upptökurnar á YouTube rás MenntaMiðju.



Deildu þessu með vinum:

[Facebook](#)

[Reddit](#)

[Twitter](#)

[Google](#)

[Pinterest](#)



The Internet Messenger e. Buky Schwartz.